

Fundargerð stjórnar BÍS 09/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 13. apríl 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, upplýsingaráðs, og fundargerðir fararstjórnar Jamboree 2011 lágu fyrir: Rætt var um framsetningu.
4. Umsagnir til Alþingis:
 - a. Fánalög: JA falið að gera drög að svari.
 - b. Úttekt: JA falið að gera drög að svari.
5. Nefnd um skátaheitið: HGH falið að gera tillögu að nefnd á grundvelli þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Skátapiangi.
6. Vinnufundur stjórnar BÍS: Fundurinn verður miðvikudaginn 27. apríl kl. 17:30-22:00 í húsnæði Motus, Laugavegi 99. HGH lagði fram hugmyndir að útfærslu fundarins og mun útfæra þær í samvinnu við HS.
7. Vinnufundur stjórnar og ráða BÍS: Fundurinn verður sunnudaginn 29. maí og hefst með morgunverði kl. 09:00 og fundurinn sjálfur stendur frá kl. 10:00-16:00. Nánari útfærsla verður ákveðin eftir vinnufund stjórnar.
8. Nýjar foringjahandbækur: BAÁ og ÓP kynntu stöðu verkefnisins. Handbók drekaskátaforingja er svo til tilbúin til prentunar, handbók fálkaskátaforingja er enn í drögum, en heildar mynd hennar er svo til klár, handbók dróttskátaforingja er mjög langt komin og stefnt er að því að ljúka henni fyrir miðjan maí. Ráðin fá nú handbók drekaskátaforingja til yfirlestrar og ljúki honum fyrir 11. eða 25. maí og fá þá handbók dróttskátaforingja til yfirlestrar. JIB finnst vanta umræðu um breytingar á táknrænum ramma aldursstiganna áður en gengið er frá bókunum til útgáfu.
9. Önnur mál:
 - a. Heimsþing WAGGGS 2011: Evrópustjórn WAGGGS hefur boðað til undirbúningsfundar í Dublin um miðjan maí þar sem sérstaklega á að ræða og reyna að samræma afstöðu til þátttöku kala í WAGGGS.
 - b. Stykur til skátastarfs í Mosfellsbæ: HSG sagði frá því að íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar hafi veitt Agnari Daða styrk til að stunda skátastarf í sumar.
 - c. World Scout Moot: HSG hefur verið beðin að taka þátt í fundi þar sem ræða á “Guide Lines” sem WOSM setur til undirbúnings þessu viðburðum.

- d. Í breska blaðinu The Guardian var á dögnum sagt frá pólskum skáta sem lifði af útrýmingarbúðir nazista og þakkaði hann það þeirri þjálfun sem hann fékk í skátunum.
 - e. Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur: Fundurinn er í kvöld. Eiríkur Guðmundsson mun láta af formennsku.
 - f. Bara gras: BÍS er þátttakandi í verkefninu Bara gras sem hleypt var af stökkunum í Rimaskóla í liðinni viku. Verkefninu er ætlað að vekja athygli foreldra á stórauðinni neyslu unglunga á kannabis, aðallega mariúana.
10. Umræðuefni: WOSM Europe, Needs and Strengths Analysis: Farið var yfir spurningalista frá evrópuskrifstofu WOSM og honum svarað.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði JA.